

Neskaupstaður 3. janúar 2023

Vöktun útbreiðslu lúpínu vegna framkvæmda við nýbyggingu Skriðdals- og Breiðdalsvegar ásamt brú yfir Gilsá á Völlum

Áfangaskýrsla 1

Inngangur

Vegagerðin vill leitast við að lágmarka mögulega útbreiðslu alaskalúpínu á framkvæmdasvæði við Skriðdals- og Breiðdalsveg, við Gilsá (kafli 95-02), en lúpína er útbreidd á efnistökusvæðum framkvæmdarinnar. Haustið 2021, að beiðni Sveins Sveinssonar hjá Vegagerðinni, gerði Náttúrustofa Austurlands grunnúttekt á útbreiðslu lúpínu og annarra framandi, mögulega ágengra tegunda á svæðinu (Náttúrustofa Austurlands, 2021). Vorið 2023 fékk Náttúrustofa Austurlands styrk til vöktunar á útbreiðslu lúpínu vegna framkvæmda við nýbyggingu Skriðdals- og Breiðdalsvegar ásamt brú yfir Gilsá á Völlum á Austurlandi. Markmið þeirrar vöktunar er að fylgjast með mögulegri dreifingu lúpínu með aðfluttu efni á framkvæmdasvæðinu og við það er stuðst við niðurstöður grunnúttektarinnar. Ef til aukinnar útbreiðslu lúpínu kemur mun Vegagerðin leitast við að stöðva hana jafnóðum. Vöktunin er styrkt til fimm ára af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar og í þessari fyrstu áfangaskýrslu er grein gerð fyrir framvindu hennar hingað til.

Samkvæmt verkáætlun styrkumsóknarinnar var gert ráð fyrir að árleg úttekt færi fram í júní í fimm ár og átti fyrsta úttekt að fara fram sumarið 2022. Vegna tafa á framkvæmdum við sjálfa vegagerðina var ekki tímabært að framkvæma úttekt í júní 2022. Í samráði við Svein Sveinsson hjá Vegagerðinni á Austurlandi var ákveðið að, í stað formlegrar úttektar fyrsta sumarið, myndi Náttúrustofan hitta starfsmann Vegagerðarinnar á svæðinu, fara yfir bakgrunn verkefnisins og grunnstöðuna og veita ráðgjöf við skipulagningu aðgerða til að sporna við útbreiðslu lúpínu á svæðinu og var það gert 19. júlí. Var það mat beggja aðila að þannig væri tímanum og fjármagninu sem best varið í þeirri stöðu sem uppi var. Aftur var svo farið í úttekt til að meta árangur slátturs þann 5. ágúst.

Fyrsta formlega úttekt mun því fara fram sumarið 2023, en gerð var grein fyrir þessum breytingum á verkefninu til Rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar með tölvupósti dagana 19. júlí og 15. nóvember sl.

Greinagerð vegna vinnu ársins 2022

Þann 19. júlí fór starfsmaður Náttúrustofunnar á framkvæmdasvæðið og hitti starfsmenn Vegagerðarinnar sem munu sjá um slátt lúpínu á svæðinu, en Jens Olsen Hilmarsson mun hafa umsjón með honum. Ferðin var einnig nýtt til að ganga um svæðið og kanna útbreiðslu lúpínu, þó framkvæmdir væru enn í gangi og könnun gæfi því ekki góða heildarmynd af mögulegri þróun. Þá kom í ljós að lúpína var strax byrjuð að spretta upp úr því efni sem flutt var á svæðið um vorið (1. mynd t.v.), en taka skal fram að áframhaldandi vegaframkvæmdir, s.s. malbikun, gætu leitt til þess að þær unglöntur komist ekki á legg. Nokkrar lúpínubreiður og stakar plöntur vaxa við brúna (Náttúrustofa Austurlands, 2021). Vaxtarsvæði þeirra er þó það takmarkað að enn er vel gerlegt að eyða henni þar og til þess að ná því markmiði verkefnisins að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu lúpínu er mikilvægt að gera það sem fyrst. Lúpína er nýbyrjuð að dreifa sér niður í gilið og ef ekki verður komið í veg fyrir það mun dreifing hennar aukast hratt og kostnaður við eyðingu aukast samhliða því. Samkvæmt upplýsingum frá Jens Hilmarssyni var lúpína á svæðinu slegin í fyrstu viku ágústmánaðar.

Sláttur lúpínu skilar hvað mestum árangri ef hún er slegin þegar hún er í blóma, en áður en að fræin eru fullproskuð sem er oftast um mitt sumar, frá lokum júní til miðs júlí (Menja von Schmalensee og Róbert Arnar Stefánsson, 2009). Fræ lúpínu geta lifað í mörg ár í jarðveginum og borist víða með efnisflutningum (Borgþór Magnússon, 2010) og á þeim svæðum þar sem sporna á við útbreiðslu hennar er því mikilvægt að koma í veg fyrir að hún nái að fullproska fræ. Samkvæmt upplýsingum frá Jens Hilmarssyni reyndist ekki unnt að slá hana fyrr en í ágúst sökum anna og við athugun Náttúrustofunnar eftir sláttinn, þann 5. ágúst, kom í ljós að allmargar plöntur höfðu náð að fullproska fræ áður en þær voru slegnar (1. mynd t.h.). Á komandi árum, þegar athuganir fara fram í júní skv. verkáætlun, mun Náttúrustofan skila niðurstöðum hvernar úttektar til Vegagerðarinnar eins

fljótt eftir athugun og hægt er, svo mögulegt verði að slá fyrr. Þá vill Náttúrustofan leggja sérstaka áherslu á að þær örfáu plöntur sem nú vaxa í gili verði fjarlægðar sem fyrst, áður en þar byggist upp fræbanki, en vegna þess hvernig fræframleiðsla og -dreifingu er háttáð getur útbreiðsla lúpínu niður brekkur fljótt orðið óviðráðanleg ef ekki er gripið inn í þegar enn er aðeins um nokkrar einstakar plöntur að ræða (Borgþór Magnússon, 2010).



1. mynd. Kímplöntur lúpínu í efni sem flutt hefur verið á framkvæmdasvæðið eftir grunnúttekt þessarar vöktunar (t.v.), mynd tekin 19. júlí. Lúpínubelgir sem hafa kastað fræi (t.h.), mynd tekin 5. ágúst.

Framhald vöktunar

Formleg vöktun í takt við upphaflega rannsóknáætlun mun hefjast sumarið 2023, ári seinna en gert var ráð fyrir og er ráðgert að meta stöðu verkefnisins fyrir síðustu áætluðu úttekt, sumarið 2026, í samstarfi við Vegagerðina. Þá ætti að skýrast hvort ástæða er til að bæta við fimmta ári vöktunar eins og til stóð upphaflega og ljúka henni ári síðar en gert var ráð fyrir í styrkumsókn, eða hvort ljúka eigi verkefninu á áætlun, með einni færri formlegri úttekt en gert var ráð fyrir. Við ákvörðun er æskilegt að taka tillit til útbreiðslu lúpínu á rannsóknatímanum, því ef vel hefur tekist til við að halda henni í skefjum gæti fimmta úttektin reynst óþörf.

Heimildir

Borgþór Magnússon. 2010. *NOBANIS – Invasive Alien Species Fact Sheet*. *Lupinus nootkatensis*. Rafrænn evrópskur gagnabanki um framandi ágengar tegundir – NOBANIS www.nobanis.org. Sótt 28/12/2022.

Menja von Schmalensee og Róbert Arnar Stefánsson. 2009. *Ágengar plöntur í Stykkishólmi Útbreiðsla Alaskalúpínu, skógarkerfils, Spánarkerfils og bjarnarklóar og tillögur um mótvægisáðgerðir*. Fjölrit Náttúrustofu Vesturlands nr. 15.

Náttúrustofa Austurlands. 2021. *Athugun á útbreiðslu lúpínu og annarra framandi, ágengra tegunda við Gilsá/Grímsárvirkjun á Skriðdals- og Breiðdalsvegi haustið 2021*. Minnisblað sent til Sveins Sveinssonar hjá Vegagerðinni, 2. nóvember 2021.

Höfundar skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana og fyrirtækja sem höfundar starfa hjá.